

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 24. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0019
LA

Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri

Vísað er í tölvubréf úr Skipulagsgátt, dags. 14. desember 2023, þar sem sveitarfélagið Borgarbyggð óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri.

Um er að ræða landnotkunarreit Þ1 á þéttbýlisuppdrætti Hvanneyrar. Markmið deiliskipulagsins er að skapa skýran ramma utan um uppbyggingu á svæðinu og með tilkomu jarðræktarmiðstöðvarinnar styrkist starfsemi skólans á Hvanneyri og nærsamfélagsins í heild.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn 8. desember 2021 um skipulagsáform vegna jarðræktarmiðstöðvarinnar á Hvanneyri. Skipulagssvæðið er ræktuð tún innan þéttbýliskjarna friðlandsins í Andakíl, en megin markmið friðlýsingar er að vernda búsvæði blesgæsar. Ólíklegt er að nýtt deiliskipulag hafi neikvæð áhrif á blesgæsastofninn á fartíma.

Náttúrufræðistofnun bendir á að mikilvægt sé að leggja mat á langtímaáhrif uppbyggingar innan friðlandsins, almennt stilla slíkum áformum í hóf og horfa til mótvægisáðgerða eins og þörf krefur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

